

Alþingi
Erindi nr. P 137/93
komudagur 5.6.2009

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 04. júní 2009

Efni: Umsögn um breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða,
með síðari breytingum, 34. mál.

Í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða eru lagðar til fjórar breytingar á núgildandi lögum. Í 1. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðherra fái heimild til að leyfa takmarkaðar veiðar í fræðsluskyni. Í 2. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að settar verði ítarlegri reglur um frístundaveiðar sem fara fram á vegum ferðaþjónustuaðila. Í ákvæði til bráðabirgða I er lagt til að heimilaðar verði frjálssar handfæraveiðar upp að ákveðnu marki á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst 2009 og í bráðabirgðarákvæði II í frumvarpinu er gert ráð fyrir að leyfilegum heildarafla í karfa verði skipt upp í veiðar á gullkarfa annars vegar og veiðar á djúpkarfa hins vegar.

VM tekur undir 1. grein frumvarpsins um að afli sem fæst við veiðar sem fara fram í fræðsluskyni skuli ekki talinn til heildarafla enda séu veiðarnar óverulegar og aflinn ekki fénýttur.

VM telur að 2. grein frumvarpsins varðandi reglur um frístundaveiðar sem fara fram á vegum ferðaþjónustuaðila sé ásættanleg og gerir því ekki athugasemdir við þá grein.


VM hefur efasemdir um bráðabirgðarákvæði I í frumvarpinu um frjálssar strandveiðar. Til strandveiðanna er ætlunin að nýta byggðarkvóta, því mun enginn kvóti vera tekinn af þeim sem hafa atvinnu af fiskveiðum í dag. Hins vegar telur VM mjög miklar líkur á því að þetta geti kallað á aukin þrýsting á meiri aflaheimildir fyrir strandveiðarnar verði þær leyfðar á komandi árum, sem þá yrði tekin af öðrum sem fyrir eru í greininni. VM hefur þó mestar áhyggjur af því að en eitt smábátakerfið sé í uppsiglingu, sem muni að lokum skapa þessum aðilum aðstöðu til að selja aflaheimildir út úr því.

Varðandi nýliðun, þá munu sennilega flestir sem fyrir eru í smábátaútgerðinni nýta sér þessar heimildir til viðbótar sínum veiðiheimildum. Hver nýliðunin verður mikil eins og hugmyndin er í frumvarpinu, mun að sjálfsögðu ráðast af þeim markasverðum sem verða fyrir aflann. Þ.e.a.s. hver rekstrargrundvöllurinn verður til að fara í miklar fjárfestingar til að geta stundað veiðarnar.

VM hefur miklar áhyggjur af því að allt eftirlit með þessum veiðum verði mjög erfitt í framkvæmd, t.d. eins og löndun framhjá vigt og brottkasti þegar um mjög takamarkaðan heildarafla er um að ræða. Varðandi meðferð og gæði aflans á þessum smábátum yfir sumarmánuðina er full ástæða til að hafa áhyggjur af.

VM leggs ekki gegn bráðaábyrgðarákvæði II í frumvarpinu.

Virðingafyllst,
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmteknimanna



Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður VM.